

Ed.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 115 rúmlestum að stærð, en 10 000—20 000 kr., ef skipið er yfir 115 rúmlestir. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 115 rúmlestir að stærð, en 2000—10 000 kr., ef skipið er yfir 115 rúmlestir. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkv. þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lægstu sektir fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi eru samkvæmt núgildandi lögum 10 000 gullkrónur, en það jafngildir 73 895 ísl. krónum samkvæmt núverandi gengi. Eru sektir þessar miðaðar við landhelgisbrot togara, sem eru mörg hundruð rúmlestir að stærð, og því það háar, að ókleift er fyrir öll smærri skip að greiða þær. Nú í seinni tíð hefur sú breyting orðið á fiskveiðum hér við land, að æ fleiri og smærri togbátar eru farnir að stunda botnvörpuveiðar, og eru flestir þeirra undir 100 rúmlestum að stærð.

Lægstu sektir fyrir ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi eru 2500 gullkrónur = 18 473.75 ísl. kr., sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937.

Hefur með öllu reynst óframkvæmanlegt að innheimta hinar háu sektir hjá þessum bátum, og hefur því skapast föst venja um að lækka þær verulega með ráðun. Sá háttur dugar þó ekki til frambúðar, og þykir rétt, að löggjafinn taki afstöðu til málsins. Ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga, mun það því skoðað sem yfirlýsing Alþingis um, að hætta eigi þeim sið, sem upptekinn hefur verið um náðanir af þessum brotum.